



Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

Sent í samráðsgátt Stjórnarráðsins.

Reykjavík, 24. ágúst 2020

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um vernd, velferð og veiðar villtra fugla og villtra spendýra

Tilv. 202008-0014

Frumvarpsdrögin voru birt í samráðsgátt Stjórnarráðsins þann 8. júlí 2020.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið óskaði eftir tilnefningu Bændasamtaka Íslands í samráðshóp um endurskoðun laganna þann 11. mars 2019. Bændasamtökin tilnefndu Elías Blöndal Guðjónsson í hópinn þann 5. apríl 2019. Samráðshópurinn var ekki kallaður saman fyrr en snemma á árinu 2020 eða níu mánuðum síðar.

Samráðshópurinn fundaði einungis tvisvar sinnum áður en framangreind frumvarpsdrög voru birt í samráðsgátt stjórnvalda. Ekki gafst tími til þess að fara yfir athugasemdir einstakra aðila í hópnum og starfsmenn ráðuneytisins brugðust ekki við athugasemdum fulltrúa Bændasamtakanna. Ekki var haft samráð við samráðshópinn um frumvarpsdrögin eins og þau liggja fyrir áður en þau voru birt í samráðsgátt stjórnvalda.

Bændasamtökin gera með bréfi þessu athugasemdir við frumvarpsdrögin en áskilja sér rétt til þess að koma á framfæri frekari athugasemdum á síðari stigum. Þá gera samtökin ráð fyrir að frekari vinna muni eiga sér stað í framangreindum samráðshópi í samræmi við 4. mgr. 3. gr. núgildandi laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Ekki nándar nærri mikil umræða hefur farið fram í samráðshópnum um efni frumvarpsins og fulltrúar í hópnum hafa ekki fengið tækifæri til þess að koma sínum sjónarmiðum á framfæri.

Um einstakar greinar og kafla

23. tölul. 3. gr.

Þessi skilgreining er óljós. Í hvaða tilvikum gæti veiðiréttur hafa verið framseldur? Það er ekki hægt að líta á neinn annan en landeigandann sjálfan sem landeiganda. Hann á landið og er best til þess fallinn að veita fyrirsvaer að því er varðar málefni sem kunna að varða eign hans. Það er varla hægt að líta á ábúanda sem landeiganda heldur er hann umráðamaður landsins. Um rétt hans til veiða færi væntanlega eftir ábúðarsamningi/byggingarbréfi en um hlunnindi jarða skal fjallað um þar skv. 8. gr. ábúðarlaga. Þessi skilgreining er væntanlega byggð á misskilningi.

29. tölul. 3. gr.

Refagreni teljast hefðbundnir staðir sem hafa verið notaðir árum, áratugum eða öldum saman af refum. Þetta þarf að skýra betur. Hversu mörg ár þurfa refir að hafa notað grenin? Það er



væntanlega óþarfi að tiltaka að grenin þurfi að hafa verið notuð áratugum eða öldum saman ef það er nóg að þau hafi verið notuð árum saman. Þá er óljóst hvernig á að sanna að greni hafi verið notuð árum saman.

35. tölul. 3. gr.

Skilgreiningin tekur til tjóns sem verður af völdum framandi tegunda. Fjárhagslegt tjón sem einstaklingar, lögaðilar eða aðrir kunna að verða fyrir af völdum villtra fugla og villtra spendýra getur ekki síður orðið vegna tegunda sem ekki teljast framandi í skilningi laganna. Við þessa endurskoðun laganna er óhákvæmilegt að fjalla frekar um viðbrögð og aðgerðir sem grípa má til þegar svo stendur á.

42. tölul 3. gr.

Hvernig á að sanna eignarrétt sinn á villingi?

5. gr.

Vert væri að skoða hvort ekki er æskilegt að sveitarfélög verði ráðherra einnig til ráðgjafar um framkvæmd laganna.

8. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um samráð við hagsmunaaðila. Þar kemur fram að um stefnumótandi mál sem varða vernd, velferð og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum skal eftir því sem hlutaðeigandi mál kalla á hafa samráð við tiltekna aðila. Þetta er óskýrt. Í nógildandi lögum skal hafa samráð við tiltekna aðila þegar um stefnumótandi mál er að ræða.

1. mgr. 10. gr.

Ekki er ljóst hvað er átt við með hugtakinu „landnotkun“ í ákvæðinu.

1. mgr. 18. gr.

Þetta er afar óskýrt ákvæði. Hér er lagt til að ráðherra geti aflétt friðun á tegundum ef hætta er á að tegundir geti valdið skilgreindu og sannanlegu tjóni. Hvað er skilgreint tjón? Á það er svo vert að benda að það er ekki hægt að sanna tjón sem ekki er orðið. Þetta ákvæði þarf að endurskoða í heild sinni.

Hvað með tjón á ræktarlandi af völdum álfra og gæsa? Það er afar mikilvægt að bændur fái heimild til þess að skjóta álfir og gæsir þar sem þessar tegundir valda tjóni.



Hvað er verulegt fjárhagslegt tjón? Miðað við hvað? Þetta er óskýrt.

2. mgr. 18. gr.

Hvaða tegundir tjóns getur verið um að ræða? Þetta er óskýrt og úr þessu þarf að bæta.

2. mgr. 21. gr.

Hér er lagt til að Umhverfisstofnun geti gripið til mjög umfangsmikilla takmarkana á veiðum án aðkomu ráðherra. Þetta þarf að skoða nánar.

7. tölul. 2. mgr. 24. gr.

Hér kemur fram að gerðir gildra skulu hafa hlotið samþykki Umhverfisstofnunar. Ekki kemur fram með hvaða hætti Umhverfisstofnun leggur mat á þessar gildir eða hvernig þetta samþykktarferli skal fara fram að öðru leyti. Úr þessu þarf að bæta.

1. mgr. 32. gr.

Hver annar en landeigandi getur haft rétt til æðarvarps? Það stenst varla að einhver annar en landeigandi geti farið fram á friðlýsingu á hluta eignar sem er undirorpin eignarrétti.

1. mgr. 43. gr.

Hér gera Bændasamtök Íslands ráð fyrir að m.a. sé átt við tjón af völdum álfra og gæsa á ræktarlandi. Í þessu samhengi er nauðsynlegt að gera ráð fyrir með hvaða hætti þessi málsmeðferð fer fram. Það kemur ekki skýrt fram að landeigandi geti óskað eftir þessari tímabundnu undanþágu en það er væntanlega eftir slíka beiðni sem undanþága af þessu tagi færi í raun fram. Þá er einnig nauðsynlegt að kveða á um tímafresti til handa Umhverfisstofnun til þess að svara beiðni af þessu tagi.

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins ehf. mat árið 2016 tjón á túnnum og ökrum af völdum áganga álfra og gæsa. Samkvæmt skýrslu Borgars Páls Bragasonar um úttektina, dags. 17. mars 2016, kemur fram að reikna má með að meðaluppskera korns sé um 3,5 tonn af hektara og að hálmuppskeran sé um 1,8 tonn/ha. Af 84 hekturum má því áætla að það hafi tapast um 294 tonn af korni og 147 tonn af hálmi. Markaðsvirði byggs er um 47 kr/kg og hálmverð er um 20 kr/kg þurrefnis. Heildartapið er því hér áætlað um 16,8 milljónir. Ef gert er ráð fyrir að sama vægi tjóns gildi fyrir allar fuglategundir þar sem þeir eru skráðir valdir af tjóninu má gera ráð fyrir að álftein ein og sér hafi valdið kornrækt uppskerutjóni að verðmæti 6,4 milljóna ef tekið er mið af meðaltali áranna 2014 og 2015 og tilkynningum bænda þar um. Þá er rétt að nefna að bændur eyða umtalsverðum fjármunum og vinnu í að verjast tjóni af völdum álfra og gæsa sem erfitt er að kostnaðarmeta og ekki gert hér.



Rétt er að geta þess að lokum að tjón af völdum álfra og gæsa er mest á túnnum og þar af leiðandi er fjárhagstjónið þar mest einnig. Ef sömu aðferðir eru notaðar við að meta uppskerutjón af túnnum og grænfóðri og hér er gert í korni, má reikna með að meðaltal tjóns árin 2014 og 2015 sé í heildina á milli 70 og 90 milljónir.

Það blasir því við að tjón af völdum áganga álfra og gæsa er umtalsvert og nauðsynlegt að bregðast við því með að taka til sérstakrar skoðunar þau ákvæði sem snúa að tímabundinni afléttingu friðunar álfra og gæsa í þessum frumvarpsdrögum. Það hefur ekki gefist tækifæri til þess að ræða þetta málefni í samráðshópnun, sbr. fyrri umfjöllun í þessu bréfi.

3. mgr. 44. gr.

Ganga þarf úr skugga um að sveitarfélög hafi fjármagn til þess að sinna þessari skyldu.


2. mgr. 47. gr.

Ganga þarf úr skugga um að sveitarfélög hafi fjármagn til þess að sinna þessari skyldu.

Bændasamtök Íslands hafa undanfarin ár talað fyrir því að huga þurfi að því að taka til skoðunar fleiri þætti sem varða nýtingu jarða og hlunninda. Ekki dugir að taka einstaka þætti í starfsumhverfi bænda og eigenda jarða og breyta tilviljanakennt. Við þessa endurskoðun veiðilöggjafarinnar er rétt að ráðist verði í mun umfangsmeira verkefni, þ.e. að huga að lagaumgjörð um jarðir í heild sinni.

Í mörgum aðskildum lagabálkum er í dag fjallað um málefni lands og nýtingu þess, s.s. aðgengi að beitarlandi og ræktarlandi, nýtingu þess og vernd, veiði, árekstra vegna beitarmála, girðinga og lausagöngu búfjár, viðhald framræsluskurða, hagsmuni skógræktar annars vegar og beitar hins vegar, nýtingu auðlinda og hlunninda, vatnsréttindi, umferðarrétt almennings, og svo mætti lengi telja. Fara þarf í markvissa vinnu við að ramma inn réttindi og skyldur landeigenda.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands


Guðrún Vaka Steingrimsdóttir